



Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 22.nóvember 2017 að auglýsa skipulags- og matslýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Hér er sett fram sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir 7 breytingar á aðalskipulagi

Dalabyggðar 2004- 2016 samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingarnar sjö eru eftirfarandi:

1. Efnistökusvæði í landi Hvítadals í Hvolsdal.
2. Vindorkugarður við Hróðnýjarstaði.
3. Iðnaðarlóð fyrir gagnaver og fleira.
4. Íbúðarsvæði í Búðardal.
5. Stækkun verslunar- og þjónustusvæðis í Búðardal.
6. Frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal.
7. Stækkun byggðalínu.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulags og komandi skipulagsvinnu.

Tillögurnar liggja frammi, frá 7.desember 2017 til 5.janúar 2018 á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal, heimasíðu sveitarfélagsins dalir.is.

Athugasemdum eða ábendingum skal skila til skrifstofu Skipulagsfulltrúa, að Miðbraut 11 Búðardal eða netfang byggingarfulltrui@dalir.is fyrir 5.janúar 2018.

Dalabyggð 30. nóvember 2017
Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulags og byggingarfulltrúi